

Samningur - Viðbót D

Tryggingartaki

Nafn			Kennitala
Heimasími	Vinnusími	Farsími	Netfang
Lögheimili		Póstnúmer	Staður

Launagreiðandi

Nafn	Kennitala
------	-----------

Innborgun

Tryggingartaki skuldbindur sig til að greiða mánaðarlega sem hér segir:

_____ % heildarlauna fyrir skatt (hám. 4%)	_____ mótframlag vinnuveitanda
_____ Krónur (ISK) á mánuði, iðgjald	_____ mánaðarlaun

Greiðslufyrirkomulag:

Mánaðarleg greiðsla skal berast á reikning hjá Arion banka hf., reikn. nr. 0301-26-410807, kt. 410807-8740

YFIRLÝSING tryggingartaka

Tryggingartaki hefur kynnt sér efni laga númer 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem og síðari breytingar þeirra, sjá lög númer 40/2014 um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, lög númer 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, um ráðstöfun séreignarsparnaðar sem innborgun við kaup á fyrstu íbúð eða til afborgana á fasteignalán.

Tryggingartaki lýsir því yfir að hann hafi ekki hug á því að nýta sér tímabundnar heimildir laga nr. 129/1997 með síðari breytingum (sem gilda allt til 30. júní 2021) til að ráðstafa iðgjöldum til lækkunar húsnæðislána eða húsnæðissparnaðar né heimildir laga nr. 111/2016 til að verja uppsöfnuðum iðgjöldum til kaupa á fyrstu íbúð og/eða til að ráðstafa iðgjaldi til greiðslu húsnæðislána.

Tryggingartaki lýsir því yfir að honum sé ljóst, að ef hann síðar breytir framangreindri afstöðu sinni þá munu möguleikar hans til að nýta iðgjöld sín eftir á samkvæmt ákvæðum framangreindra laga nr. 129/1997 og laga nr. 111/2016 hafa skerst, þar sem ráðstöfun iðgjalda afturvirkir í samræmi við framangreindar heimildir takmarkast við endurkaupsvirði lífeyristryggingarinnar við uppsögn, eins og fram kemur í almennum skilmálum sem eru hluti samningsins.

Tryggingartaka er kunnugt um að ráðstöfun iðgjalda (Inneignar) takmarkast við endurkaupsvirði lífeyristryggingarinnar eins og það er við uppsögn.

Staður og dagsetning

Undirskrift tryggingartaka

Undirritun forráðamanns
(ef tryggingartaki er yngri en 18 ára að aldri)

1. Samningur þessi um frekari tryggingarvernd, samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, er gerður á milli undirritaðs tryggingartaka og Bayern-Versicherung Lebensversicherung AG, München (hér á eftir „Vátryggjandi“). Iðgjaldgreiðslur skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum frá undirritun samnings.
2. Samningur þessi er gerður á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða númer 129/1997, og reglugerðar númer 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd. Inneignir og greiðslur lúta ákvæðum þessara laga. Auk þess gilda Almennir skilmálar fyrir vísitölumiðaða söfnunarlífeyristryggingu (PrivatRente Wachstum Garant). Skilmálar þessir gilda um tryggingasambandið, svo framarlega sem lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða númer 129/1997 ásamt breytingum þeirra mæla ekki fyrir um annað. Auk þess er „Viðbótarsamkomulag – C2 vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar (PrivatRente Wachstum Garant)“ hluti þessa samkomulags.
3. Um tryggingarsamninginn gildir réttur Sambandslýðveldisins Þýskaland. Engu að síður gilda ófrávikjanleg ákvæði íslenskra laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. 3. mgr. 143. gr. laganna. Ríkjandi lög og reglugerðir sem um samningssamband milli tryggingartaka og vátryggjanda gilda eru einkamála (Bürgerliches Gesetzbuch), lög um tryggingasamninga (Versicherungsvertragsgesetz), reglugerð um upplýsingaskyldu samkvæmt lögum um tryggingasamninga (Versicherungsvertragsgesetz), lög Sambandslýðveldisins um persónuvernd (Bundesdatenschutzgesetz), evrópska grunnreglugerðin um persónuvernd (Europäische Datenschutzgrundverordnung), lög um peningabætti (Geldwäschegesetz), lög um tekjuskatt (Einkommensteuergesetz) og lög um vátryggingaefirlit.
4. Til grundvallar tryggingarsamnings þessa gilda Almennir skilmálar fyrir vísitölumiðaða söfnunarlífeyristryggingu (PrivatRente Wachstum Garant). Þeir eru óaðskiljanlegur hluti tryggingarsamningsins, nema samið hafi verið um frávik frá þeim.
5. Um tryggingarsamninginn gilda eftirfarandi **frávik** frá Almennum skilmálum vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar, sbr. grein 4:
 - 5.1. Andstætt því sem segir í 4. mgr. 4. gr. Almennra skilmála vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar eru starfsörorku-viðbótartrygging, viðbótartrygging vegna andláts af slysförum eða Risiko-viðbótartrygging undanskildar og ekki hluti þessa vátryggingarsamnings.
 - 5.2. Andstætt því sem segir í 5. mgr. 4. gr. Almennra skilmála vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar er samið um að ekki sé hægt að fara fram á að samningnum verði breytt yfir í aðra tegund vátryggingarsamnings.
 - 5.3. Andstætt því sem segir í 5. gr. almennra skilmála vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar er samið um að hækkun tryggingarverndar (einstaklingsbundinn aðlögunarréttur) sé ekki möguleg.
 - 5.4. Andstætt því sem segir í 3. mgr. 13. gr. Almennra skilmála vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar er samið um að ekki sé hægt að framselja eða veðsetja til þriðju aðila rétt til greiðslu. Svo framarlega sem 13. gr. þessa samnings er uppfyllt gildir 4. mgr. 5. gr., að öðrum kosti gildir hún ekki.
 - 5.5. Andstætt því sem segir í 5. mgr. 15. gr. Almennra skilmála vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar er samið um að ekki sé hægt að fara fram á tímabundna stöðvun greiðslu iðgjalda (frestun greiðslu iðgjalda),
6. „Viðbótarsamkomulag – C2 vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar (PrivatRente Wachstum Garant)“ er órjúfanlegur hluti tryggingarsamningsins.
7. Vátryggjandi lætur launagreiðanda tryggingartaka í té upplýsingar um samninginn og afrit af honum ef þörf krefur.
8. Tryggingartaki getur í fyrsta lagi farið fram á útborgun inneignar sinnar tveimur árum eftir greiðslu fyrsta iðgjalds til kaupa á séreignarlífeyrisréttindum, nema að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lið 8.1 eða 8.2.
 - 8.1. Hægt er að greiða út innstæðu, ásamt vöxtum og hugaslanlegri hagnaðarhlutdeild, ef tryggingartaki er 60 ára. Innstæðuna skal greiða út að fullu með jöfnum árlegum greiðslum yfir að minnsta kosti sjö ára tímabili, eða þar til tryggingartaki er orðinn 67 ára.
 - 8.2. Ef um er að ræða 100% örorku tryggingartaka getur hann farið fram á að öll innstæðan (að vöxtum, hugaslanlega arðshlutdeild, meðtöldum) verði greidd út sem jafnar árlegar greiðslur á sjö ára tímabili. Árleg útgreiðsla lækkar og útgreiðslutími lengist í hlutfalli við lækkan örorkuprósentu, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 129/1997. Forsenda útgreiðslu er að ráðgefandi læknir hafi staðfest að fyrirliðgjandi vottorð um örorku sé fullnægjandi
 - 8.3. Andist tryggingartaki áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga og samkvæmt 4. mgr. 11. gr. laga nr. 129/1997. Láti tryggingartaki hvorki eftir sig maka né börn verður innstæðan hluti dánarbúsins.
9. Heimilt er að semja um annan og lengri útborgunartíma en að framan greinir, sbr. 12. gr. laga nr. 129/1997.
10. Ef um er að ræða breytingar á tryggingarsamningi, einkum hvað varðar áhrif á fjárhæð umsamins iðgjalds, er það á ábyrgð tryggingartaka að tilgreina launagreiðanda um breytinguna skriflega.
11. Báðum aðilum samningsins er heimilt að segja honum upp skriflega með tveggja mánaða fyrirvara. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu.
12. Ef iðgjöld hafa ekki borist í tvo mánuði verður samningur tryggingartaka lýstur iðgjaldafrír. Endurvirkjun er möguleg innan 24 mánuða frá iðgjaldafrí. Að þessum tíma liðnum er ekki hægt að endurvirkja samninginn, og samningurinn verður þá iðgjaldafrír þar til honum lýkur, hvort sem er á grundvelli uppsagnar, eða á grundvelli þess að innstæða hefur verið greidd út að fullu í samræmi við gildandi ákvæði þar um, sbr. m.a. grein 8 hér að framan eða á grundvelli flutnings samkvæmt grein 13 þessa samnings.
13. Innstæða tryggingartaka skal færast yfir til annarra aðila sem boðið geta samninga af þessari gerð, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, fari tryggingartaki fram á slíkt við vátryggjanda. Beiðni um flutning skal vera skrifleg og lögð fram til vátryggjanda með tveggja mánaða fyrirvara. Yfirfærslan skal eiga sér stað innan tveggja mánaða frá því að beiðni tryggingartaka barst. Yfirfærða fjárhæðin samsvarar endurkaupsvirði lífeyristryggingarinnar, þ.e. Wachstum Garant, sem til grundvallar liggur sem og innstæðu tryggingartaka á biðreikningi í samræmi við Almenna skilmála (sbr. og grein 19).

14. Tryggingartaki má ekki yfirfæra, veðsetja né ráðstafa á annan hátt innstæðu eða kröfum, nema fyrir liggja gilt samkomulag *samkvæmt 1.-3. tölul., 3. mgr. 14. gr laga númer 129/1997.*
15. Vátryggjandi hefur upplýst tryggingartaka um ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 462/2003 um Ábyrgðarsjóð launa þar sem m.a. kemur fram að sjóðurinn ábyrgist kröfu um vangoldin lífeyrisiðgjöld gjaldþrota launagreiðanda sem fallið hafa í gjaldþrota á ábyrgðartímabili (18 mánuðir fyrir gjaldþrot) enda sé kröfulýsing lúst á hendur sjóðnum á þar til gerðu eyðublaði ásamt nauðsynlegum fylgigögnum.
16. Vátryggjandi ber enga ábyrgð á að iðgjöld vegna lífeyrissparnaðar sé skilað til vátryggjanda. Þarfnist tryggingartaki til þess aðstoðar vátryggjanda, einkum í því tilviki að launagreiðandi sé kominn í vanskil með iðgjaldagreiðslur, skal sækja um slíkt skriflega hjá vátryggjanda, með launaseðlum þar sem frádráttur er staðfestur. Hefðbundin iðgjaldainnheimta (áminning, greiðsluáskorun o.s.frv.) eru tryggingartaka að kostnaðarlausu. Fari svo að krafan verði ekki greidd við þessar innheimtuaðgerðir, gefur vátryggjandi tryggingartaka kost á því að grípa til innheimtuaðgerða á eigin kostnað. Í því tilviki fylgist vátryggjandi með innheimtuferlinu. Verði launagreiðandi gjaldþrota sendir vátryggjandi kröfu á ábyrgðarsjóð launa um greiðslu iðgjalda sem eru í vanskilum, auk innheimtukostnaðar. Samþykki sjóðurinn ekki allan kostnaðinn, er tryggingartaki ábyrgur fyrir greiðslu eftirstöðva kostnaðar.
17. Vátryggjandi hefur falið íslensku innheimtufyrirtæki að sjá um innheimtu iðgjalda sem og útgreiðslu tryggingarbóta. Hefur innheimtufyrirtækinu verið falið að: annast alla umsýslu með greiddum iðgjöldum, millifærslu heildarinnstæðu þegar skipt er um þjónustuaðila viðbótarlífeyrstryggingar, útborgun umsaminnna tryggingargreiðslna, sem og alla aðra tilheyrandi umsýslu og þjónustu (t.d. sbr. greinar 13 og 16 í þessu viðbótarsamkomulagi). Í þessum tilgangi er óhjákvæmilegt að miðla til innheimtufyrirtækis nauðsynlegum persónutengdum gögnum tryggingartaka og launagreiðanda úr fyrirliggjandi umsóknargögnum. Er þar fyrst og fremst um að ræða kennitölu tryggingartaka, stöðu iðgjaldsgreiðslna, samanlagða upphæð iðgjalda sem og upplýsingar um vinnuveitanda tryggingartaka. Innheimtufyrirtækið skal starfa undir eftirliti yfirvalda (Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands) og einnig uppfylla öll skilyrði annarra laga. Innheimtufyrirtækið getur falið þriðja aðila að sinna tilgreindum verkefnum, svo fremi sem þriðji aðili starfi einnig í samræmi við ákvæði laga og reglna. Ef verkefni eru falin þriðja aðila skal tilkynna tryggingartaka það skriflega. Vátryggjandi mun tilkynna tryggingartaka skriflega um það ef breyting verður á umsýslu- og innheimtuaðila.
18. Vátryggjandi hefur falið innheimtufyrirtækinu Premium ehf., Aðalgötu 34, 580 Siglufirði framkvæmd og umsýslu framangreindra verkefna. Premium ehf. fær greiddan umsýslukostnað sem er ekki tekið tillit til í útreikningum heildarinnegar í samningslok. Fyrir fyrsta iðgjaldið nemur upphafskostnaður 10 evrum. Fyrir hvert iðgjald á samningstíma er kostnaður 0,35%, eða 0,35 evrum á hverjar 100 evrur. Premium ehf. dregur kostnaðinn beint frá mánaðarlegum greiðslum launagreiðanda.
19. Til að jafna gengis- og launasveiflur verður reglubundið iðgjald (Regelbeitrag) í lífeyrissamningnum (PrivatRente WachstumGarant) ákveðið á um 80% af væntanlegri greiðslu launagreiðanda. Mismunurinn á milli greiðslu launagreiðanda og umsamins reglubundins iðgjalds (Regelbeitrag) að frádregnum umsýslukostnaði (sbr. grein 18) verður lagður inn á biðreikning (vörslureikning) hjá innheimtufyrirtækinu Premium ehf. Um leið og inneign á biðreikning hefur náð 1.100 Evrum, verða 1.000 Evrur færðar inn á lífeyrissamninginn. Ef launagreiðslur duga ekki til að greiða reglubundið iðgjald (Regelbeitrag), er hægt að lækka reglubundið iðgjald í samræmi við launagreiðslur eða hægt er að gera saminginn iðgjaldafrián. Innstæða tryggingartaka samanstendur af innstæðu tryggingartaka á lífeyrissamningnum sem og innstæðu tryggingartaka á biðreikningi að frádregnum kostnaði (sbr. grein 18).
20. Til stendur að taka upp evrópska greiðslumiðlunarkerfið SEPA á Íslandi á næstunni. *Tryggingartaki er því samþykktur* að þegar SEPA greiðslumiðlunarkerfið verður tekið upp hjá viðskiptabanka launagreiðanda þá megi greiða iðgjaldagreiðslur í gegnum það SEPA-kerfi.

Tryggingartaki felur vátryggjanda að innheimta iðgjöldin og hafa eftirlit með því að iðgjöld berist.

Staður og dagsetning

Undirskrift tryggingartaka

Undirritun forráðamanns
(ef tryggingartaki er yngri en 18 ára að aldri)